

22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 26/1982, með síðari breytingum, um atvinnuréttindi útlendinga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Rannveig Guðmundsdóttir.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

Forsætisráðuneytið, 25. nóvember 1994.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breyting á lögum um hópuppsagnir, nr. 95/1992.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp skv. 1. mgr. skal litið á uppsögn ráðningarsamnings einstakra starfsmanna sem jafngilda uppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Áformi atvinnurekandi uppsagnir skv. 1. gr. skal hann hafa samráð við trúnaðarmann starfsmanna eða annan fulltrúa sem þeir hafa til þess valið svo fljótt sem auðið er með það fyrir augum að ná samkomulagi.

Með samráðinu skal að minnsta kosti leita leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka starfsmönnum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp.

Trúnaðarmenn eða aðrir fulltrúar starfsmanna skulu eiga rétt á að fá allar upplýsingar frá atvinnurekanda, sem máli skipta, um fyrirhugaðar uppsagnir. Tilgreina skal skriflega ástæður uppsagna, fjölda starfsmanna sem til stendur að segja upp, hve margir eru að jafnaði í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna og á hvaða tímabili uppsagnirnar eiga að koma til framkvæmda.

Atvinnurekandi skal veita skriflega upplýsingar um viðmiðanir sem til stendur að nota við val á starfsmönnum sem segja á upp og aðferðir við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna.

Atvinnurekandi skal enn fremur senda afrit af öllum skriflegum upplýsingum, sem um getur í 3. mgr., til stjórnar vinnumiðlunarinnar í umdæminu. Sé vinnumiðlun ekki í sveitarfélaginu skulu gögn send viðkomandi sveitarstjórn.

3. gr.

Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Komi fram staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessum lögum getur atvinnurekandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Össur Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við störfum sínum.

Forsætisráðuneytið, 7. desember 1994.

F. h. r.

Ólafur Davíðsson.